



## UMGENGNIS & ÖRYGGISREGLUR

### Umgengis og öryggisreglur sem gilda fyrir svæði KKA aksturípróttafélags að Glerárhólum.

- 1) Öll mótorhjól, fjórhjól og snjósleðar sem eru skráningarskyld verða að vera löglega skráð og tryggð samkvæmt íslenskum lögum.
- 2) Allir ökumenn þessarar tækja skulu hafa tilskilin ökuréttindi miðað við aldur og stærð ökutækis samkvæmt íslenskum lögum og reglum.
- 3) Þeir sem ekki uppfylla lið 1 og 2 hafa enga heimild til akstur á svæðum KKA.
- 4) Öll börn, unglingar og ungmenni sem ekki hafa útgefið ökuskráirteini af sýslumanni verða að vera í umsjón lögráða umsjónarmanns allan þann tíma sem notkun ökutækis fer fram á svæðinu. (ath. Samræma við reglur og lög)
- 5) Allur akstur vélknúinna ökutækja er stranglega bannaður í og við RC brautina og einnig við leiksvæði (þar sem leiktæki og sandkassi er staðsett fyrir yngstu kynslóðina) og yfir akveginn, t.d. að aka yfir akveginn og stökkva upp á moldarpyttinn.
- 6) Allur akstur ökumanna eldri en 12 ára er stranglega bannaður í púkabraut KKA
- 7) Allur akstur á grónum og nýsáðum svæðum er stranglega bannaður.
- 8) Á meðan vinna fer fram í MX brautinni hvort sem það er með hrífur eða vinnuvélar þá er brautin undantekningarlaust LOKUÐ og allur akstur í henni stranglega bannaður !!!!!
- 9) Allur akstur á svæðinu skal vera ábyrgur, menn eiga að vera hugsandi. Menn skulu hafa gát á sínum akstri og stofna hvorki sjálfum sér né öðrum í óþarfa hættu.
- 12) Í öllum almennum akstri á svæðinu skulu ökumenn leitast við að hafa samræmi í akstri sínum við aðra sem aka um svæðið, t.d. koma sér saman um ökuleiðir og forðast að ökuleiðir krossist.
- 13) MX braut KKA skal ekin rangsælis, þ.e. rauð dekk eiga að vera hægra megin miðað við akstursstefnu, þ.e. vinstri hönd inn í hringinn. Allur akstur á móti aksturstefnu í MX braut er stranglega bannaður, einnig skal ávallt leitast við að keyra rétta aksturstefnu í þekktum endúrabrautum, sem notaðir eru á svæðinu þó svo að þær séu ekki merktar sérstaklega.
- 14) Allir ökumenn sem aka á svæði KKA nota hlífðarbúnað svo sem hjálm, crossskó, hnéhlífar, brynju, olbogahlífar og auk þess skal ökumaður vera í viðeigandi fatnaði sem stuðlar að öryggi hans.
- 15) Það ökutæki sem er í notkun á svæði KKA skal ávalt vera í skoðunarhæfu keppnisástandi.